

L Ö G

um breyting á lögum nr. 75 frá 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

FÖRSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. töluliður 4. gr. laganna orðist svo:

Álag á söluvörur landbúnaðarins:

1% árin 1971—1975

0.75% árin 1976—1980

0.50% árin 1981—1985

0.25% árin 1986—1990.

Álag þetta skal ákvarða og innheimta á sama hátt og búnaðarsjóðsgjald, samkvæmt lögum nr. 38 15. febrúar 1945.

1. og 2. málslíður 4. töluliðs 4. gr. laganna orðist svo:

Gjald á útsöluverð mjólkur og rjóma og á heildsöluverð annarra landbúnaðarvara, er skal nema sem svarar 0.75% til ársloka 1980, 0.50% árin 1981—1985 og 0.25% árin 1986—1990 af verði sömu afurða samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara á hverjum tíma. Við ákvörðun gjaldsins á vörum unnum úr afurðum í verðlagsgrundvelli reiknast hinar síðarnefndu á grundvallarverði að viðbættum þeim hundraðshluta, sem segir í 1. málslíð þessa töluliðs.

2. gr.

Á eftir 22. gr. laganna komi ný grein, er verður 23. gr., og breytist greinatalan í samræmi við það, svo hljóðandi:

Stofnlánadeild landbúnaðarins greiðir Lífeyrissjóði bænda á tímabilinu 1. janúar 1971 til 1. janúar 1986 fé til lífeyrisgreiðslna samkvæmt 17. gr. og 18. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda, er nemur 37.5% árlegra lífeyrisgreiðslna.

Einnig greiðir deildin Lífeyrissjóði bænda framlag samkvæmt 6. gr. þeirra laga í eitt ár í senn, ef árlegar tekjur sjóðsins hrökkva ekki fyrir árlegum útgjöldum hans, enda á Stofnlánadeild landbúnaðarins rétt á lánum, er nemi 10% af árlegum iðgjöldum og framlögum í sjóðinn fyrstu 15 starfsár hans.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1971.

Gjört að Bessastöðum 28. desember 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.